

Ofangreind aðflutningsgjöld skulu innheimt með viðaukum samkvæmt lögum, **184**  
en framangreindar vörur skulu undanþegnar innflutningsgjaldi. **21. okt.**

*Fjármálaráðuneytið, 21. október 1960.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Sigr. Klemenzson.*

## S A M Þ Y K K T

**185**

**26. okt.**

**um borgarstjóraembættið í Reykjavík.**

**1. gr.**

Samþykkt nr. 186 28. nóv. 1959, um skipun og skiptingu borgarstjóraembættisins í Reykjavík, er felld úr gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið ag samþykkt, samkvæmt 6. mgr. 30. gr. laga nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 26. október 1960.*

**Emil Jónsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

## R E G L U G E R Ð

**186**

**26. okt.**

**um skemmtanaskatt í Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.**

**1. gr.**

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóvember 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Breiðdalshreppi og aðgangur seldur að og eigi eru undanþegnar skatti með lögum.

**2. gr.**

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

### **I. flokkur.**

- a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b. Sjónleikir.
- c. Kappléikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.
- e. Fræðandi fyrirlestrar og upplestrar.

### **II. flokkur.**

- a. Dansleikir.
- b. Danssýningar.
- c. Loddara- og fjölleikasýningar.
- d. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru taldar hér sérstaklega.